



Formannafundur

Þriðjudagur 23. ágúst 2022 kl 20:00

Fundarstaður: Skrifstofa ÍHI og fjarfundur á Teams.

Stjórnarfolk ÍHI; Helgi Páll Þórisson (HP), Elín Dögg Guðmundsdóttir (EDG), Olgeir Olgeirsson (OO)
SA; Ollý og Sæmi, SR; Kjartan og Erla, Fjölnir; Gróa og Kristján.

Konráð Gylfason (KG) framkvæmdastjóri.
Formaður setti fund og stjórnáði.

Dagskrá;

1. Kynning formanna aðildarfélaganna á stöðu klúbbanna, formenn aðildarfélaganna fóru yfir þessi atriði og almennar umræður. Hver og einn fór yfir stöðu síns klúbbs og ræddu málefnið vítt og breytt. Þessi atriði voru notuð sem leiðarljós umræðna;
 - a. Hver er staða ís og aðstaða almenn?
 - b. Hverjir þjálfar hjá klúbbnum?
 - c. Hverjir eru í stjórn hokkídeildar?
 - d. Hvað eru margir iðkendur í hverjum aldurshóp fyrir sig?
 - e. Verða einhverjar sérstakar áherslur 2022-2023?
2. Mótaskrá og mótin framundan. Dagskrá tímabilsins rætt vítt og breitt. Framkvæmdastjóri ÍHI útbjó dagskrána í júní síðastliðnum og sendi tillögu að mótaskrá til mótanefndar. Mótanefnd kom með tillögur að breytingum og var reynt hið ýtrasta að koma til móts við alla. Mótanefndin skipar Erla frá SR, Ari frá SA og Hafdís frá Fjölni.
3. Félagaskiptagjöld. Erlend félagaskipti karla er 125þ, kvenna 85þ og innlend 25þ. Þessi gjöld eru óbreytt að mestu frá fyrri árum.
4. Iðkendagjöld ÍHI, hækkun í kr 4.000.- úr 3.000.- Málið rætt og fundarmenn sammála um að hækkun sé sanngjörn og réttmæt.
5. Gjald vegna íþróttastjóra ÍHI, kr. 200þ pr klúbb.
Almenn umræða um ágæti íþróttastjóra ÍHI. Umræða um áherslur hans í vetur og hvaða áherslur klúbbarnir vilja sjá frá honum. Málið rætt vítt og breitt og almenn ánægja með VK. Hver klúbbur ræðir við VK um nálgun hans innan hvers klúbbs. Stefnt að fundi með aðildarfélögum í vetur um framtíð íþróttastjóra og hvert framhaldið verði næstu árin.
6. Búnaðarstyrkur ÍHI og finnska sambandsins til ÍHI. Búnaðarstyrkurinn kynntur og hann verður til afhendingar í september.
7. Dómarar ÍHI, farið yfir stöðuna, fjölgun dómara, dómarafundir og efling stéttarinnar rædd.
8. Önnur mál
 - a. Stjórn ÍHI samþykkti að fundi sínum 9. ágúst að breyta reglugerð um íslandsmót kvenna, þ.e að færa lágmarksaldur kvenna úr 12 árum í 14 ár. SA og SR leggja til að hækkun aldurs í mfl kvenna í 13 ár, úr 12 árum, málið rætt og samþykkt.
 - b. SA hefur áhyggjur af álagi á U20 drengi. Landslið U20 hefur í raun tekið þátt í 6 landsliðsæfingum fyrir HM, ástæðan fyrir þeim fjölda er frestað mót frá jan 2022 til september 2022. Einnig hugsi yfir öllum þeim kostnaði sem fylgir að taka þátt í þessu mót, sérstaklega þeirra sem búa erlendis.
 - c. Farið yfir nauðsyn þess að byggja nýtt skautasvell og stofna nýjan hokkíklúbb til að fjölga í hreyfingunni og uppfylla skilyrði IIHF um þátttöku á HM.

Fundi slitið um kl 23

KG